

92 fær staðfest eptirrit af öllum byggingarbrjefum fyrir landssjóðsjörðum, sem út eru
24. júní. gefin og staðfest af amtinu.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna, að eins og jeg fellst á tillögur yðar, að því er snertir ályktunarliði þá, er báðar deildir þingsins hafa samþykkt, og hinn fyrri ályktunarliði, er neðri deildin hefir samþykkt, þannig verð jeg að vera yður samdóma um, að ekki sje ástæða til, að gjöra neitt til fullnægju hinum síðari ályktunarliði, er samþykktur er af neðri deildinni einni.

93 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um**
11. júlí. **skipting Helgafellssveitar í 2 hreppsfjelög.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 28. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, dags. 23. maí f. á., og þar með fylgjandi erindi hreppsnefndarinnar í Helgafellssveit um skipting á Helgafellssveit í 2 hreppsfjelög, ásamt meðmælum sýslunefndarinnar, og hefur bæði sýslumaðurinn og þjer, herra amtmaður, lagt það til, að tjeðri hreppaskipting verði framgengt á þann hátt, er nákvæmar er greint í brjefi sýslumannsins.

Fyrir því skal samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipað fyrir svo, sem hjer segir:

1. Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu skal skipt í tvo hreppa, er nefnist Stykkishólmshreppur og Helgafellssveit. Takmörk milli hreppanna skal vera landamerkjaliná sú, er nú er haldin milli Jónsness og Ögurs, þannig, að Jónsnes verði í hinum nýja hreppi Helgafellssveit, og Helgafellssókn öll og Bjarnarhafnar, svo og bæirnir Kárastaðir, Örlygsstaðir og Úlfarsfell, en Stykkishólmshreppur nái yfir alla Stykkishólmssókn.
2. Öllum eignum, skuldum og ómagameðlögum hinnar núverandi Helgafellssveitar, þeim er verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt á milli hinna nýju hreppa að tiltölu við sveitarútsvörin 5 síðastliðin fardagaár, eins og þau hafa verið í hvorum hluta hins núverandi hrepps fyrir sig, og eptir sama hlutfalli skal skipta ómagameðlögum, sem síðar kunna til að koma og sem eiga rót sína í því ástandi sem var, meðan hinir nýju hreppar voru eitt sveitarfjelag.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram þegar er amtmaður hefir ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og ómagameðlögum, og sýslunefndin skera úr, ef ágreiningur verður.

Þetta tilkynnist yður hjermeð þjónustusamlega, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.